

Embættisafgreiðslufundur skipulagsfulltrúa Reykjavíkur samkvæmt viðauka 2.4 við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar.

Ár 2020, föstudaginn 13. mars kl. 09:05, hélt skipulagsfulltrúi Reykjavíkur 765. embættisafgreiðslufund sinn til afgreiðslu mála án staðfestingar skipulags- og samgönguráðs. Fundurinn var haldinn á skrifstofu skipulagsfulltrúa Borgartúni 12 - 14, 2. hæð, Stardalur.

Fundinn sátu: Björn Axelsson, Ágústa Sveinbjörnsdóttir og Helena Stefánsdóttir.

Eftirtaldir embættismenn kynntu mál á fundinum: Birkir Ingibjartsson, Hulda Einarsdóttir, Sólveig Sigurðardóttir, Hildur Gunnarsdóttir, Haukur Hafliði Nínuson, Ingvar Jón Bates Gíslason, Guðlaug Erna Jónsdóttir, Lilja Grétarsdóttir, Björn Ingi Edvardsson, Ólafur Melsted og Hrafnhildur Sverrisdóttir.

Ritari var Harri Ormarsson.

Þetta gerðist:

- 1. Rofabær 7-9, (fsp) uppbygging** (04.334.3) Mál nr. SN200012
Skjalnr. 5962
460616-0770 Rofabær 7-9 ehf., Borgartúni 28, 105 Reykjavík
511099-2429 Arkibúllan ehf, Tómasarhaga 31, 107 Reykjavík
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 28. febrúar 2020 var lögð fram fyrirspurn Margrétar Leifsdóttur arkitekts dags. 8. janúar 2020 ásamt bréfi dags. 8. janúar 2020 um uppbyggingu á lóð nr. 7-9 við Rofabæ, samkvæmt tillögu ódags. Fyrirspurninni var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lögð fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 13. mars 2020.
Umsögn skipulagsfulltrúa dags. 13. mars 2020 samþykkt.
- 2. Njarðargata 47, Áður gert að hluta, sameina** (01.186.604) Mál nr. BN057257
Skjalnr. 5962
efstu hæð og ris.
Sigurður Gunnarsson, Njarðargata 47, 101 Reykjavík
Aude Maina Anne Busson, Njarðargata 47, 101 Reykjavík
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 28. febrúar 2020 var lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 25. febrúar 2020 þar sem sótt er um leyfi fyrir áður gerðum breytingum vegna eignaskiptayfirlýsingar sem felast í því að gerðar voru svalir á norðurhlíð, og sótt er um að gera eldhús í rými 0001, sameina rishæð 0301 við 0201 með því að brjóta niður vegg sem skilur á milli rýma og að auki er innra skipulagi breytt í húsi á lóð nr.47 við Njarðargötu. Erindinu var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lagt fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 13. mars 2020.
Erindi fylgir samþykki meðeigenda, ódags., umsögn burðarvirkishönnuðar dags. 6. febrúar 2020 og bréf hönnuðar dags. 19. febrúar 2020. Gjald kr. 11.200
Umsögn skipulagsfulltrúa dags. 13. mars 2020 samþykkt.
- 3. Pósthússtræti 3 og 5, (fsp) breyting á** (01.140.3) Mál nr. SN200124
Skjalnr. 5892
deiliskipulagi
440703-2590 THG Arkitektar ehf., Faxafeni 9, 108 Reykjavík
530117-0730 Reitir - skrifstofur ehf., Kringlunni 4-12, 103 Reykjavík
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 6. mars 2020 var lögð fram fyrirspurn THG Arkitekta ehf. dags. 19. febrúar 2020 ásamt bréfi dags. 19. febrúar 2020 um breytingu á deiliskipulagi Kvosarinnar vegna lóðanna nr. 3 og 5 við Pósthússtræti sem felst í að breyta l. hæð og kjallara hússins í mathöll og endurbyggja bakbyggingu í porti og stækka

hana með léttri yfirbyggðri viðbyggingu í átt að Hafnarstræti, samkvæmt uppdr. THG Arkitekta ehf. dags. 10. febrúar 2020. Einnig er lögð fram umsögn Minjastofnunar Íslands dags. 17. febrúar 2020. Fyrirspurninni var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lögð fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 13. mars 2020.

Með vísan til umsagnar skipulagsfulltrúa dags. 13. mars 2020 eru ekki gerðar athugasemdir við að umsækjandi láti vinna tillögu að breytingu á deiliskipulagi í samræmi við erindið, á eigin kostnað.

4. **Frakkastígsreitur 1.172.1, breyting á** (01.172.1) Mál nr. SN190397
deiliskipulagi Skjalnr. 7171

621097-2109 Zeppelin ehf, Skeifunni 19, 108 Reykjavík
710806-1360 Leiguíbúðir ehf., Pósthólf 8814, 128 Reykjavík

Að lokinni auglýsingu er lögð fram að nýju umsókn Zeppelin ehf. dags. 26. júní 2019 um breytingu á deiliskipulagi reits 1.172.1, Frakkastígsreits, vegna lóðanna nr. 33, 33A, 33B, 35 og 37 við Laugaveg og 4 við Vatnsstíg. Í breytingunni felst að húsin á Laugavegi 33, 33B og 35 verði gerð upp í upprunalegri mynd, heimilað verði að rífa Laugaveg 33A, húsin við Laugaveg 35 verði hækkuð um eina hæð, timburhúsið að Laugavegi 35 verði lengt til austurs og leyft verði að byggja fjórlyft hús á baklód. Húsið að Laugavegi 37, sem stendur við götu helst óbreytt, en gert er ráð fyrir að gamalt timburhús á baklód Laugavegs 37 verði flutt, nýlegt steinhús á baklód rífið og nýtt hús, þriggja hæða með kjallara, reist í staðinn. Einnig er gert ráð fyrir að timburhúsið við Vatnsstíg 4 verði rífið og nýtt hús, þrjár hæðir með tveggja hæða risi, byggt í staðinn. Deiliskipulagið heimilar byggingu bílageymslu undir þeim hluta lóðanna, þar sem ekki standa friðuð hús. Breytingar verða á lóðarstærðum samkvæmt deiliskipulagsuppdr. Zeppelin arkitekta ehf. dags. 28. júní 2019, síðast br. 13. mars 2020 og skýrningarpdr. dags. 28. júní 2019, lagf. 22. ágúst 2019. Einnig er lagt fram umboðsbréf og rökstuðningur fyrir hóteltarfsemi, ásamt mæli- og hæðarblaði og mat og úrskurður Minjastofnunar Íslands dags. 9. ágúst 2019. Jafnframt er lagður fram tölvupóstur Önnu Sigríðar Jóhannsdóttur og Knúts Bruun dags. 24. október 2019 þar sem óskað er eftir framlengingu á athugasemdarfresti. Tillagan var auglýst frá 23. september 2019 til og með 14. nóvember 2019. Eftirtaldir sendu athugasemdir: Kristinn B. Ragnarsson f.h. Perla Properties ehf. dags. 8. október 2019, Ásmundur Hrafn Sturluson frá Kurt og Pí dags. 30. október 2019, Direkta lögfræðipjónusta og rágjöf f.h. Gylfa Björnssonar og Önnu Þóru Björnsdóttur dags. 1. nóvember 2019, Lena G. Hákonardóttir dags. 3. nóvember 2019, Valgerður Árnadóttir dags. 4. nóvember 2019, Benóný Ægisson f.h. Íbúasamtaka Miðborgar Reykjavíkur dags. 4. nóvember 2019, Eva María Þórarinsdóttir Lange dags. 4. nóvember 2019, Birna Hrönn Björnsdóttir dags. 4. nóvember 2019, LMB Mandat lögmannsstofa f.h. Péturs Jónassonar og Hrafnhildar H. Guðmundsdóttur eigendur íbúðar með fastanr. 222-2958 og Nýhafnar 3-7 ehf. eiganda íbúðar með fastanr. 222-2956 dags. 8. nóvember 2019, Karl Mikli ehf., Knútur Bruun, Anna Sigríður Jóhannsdóttir og Hilmar Einarsson dags. 12. nóvember 2019 og Lögfræðistofa Reykjavíkur f.h. Karls Mikla ehf. dags. 13. nóvember 2019. Einnig er lögð fram umsögn Þjóðkirkjunnar dags. 7. október 2019. Erindinu var vísað til umsagnar verkefnisstjóra á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 22. nóvember 2019 og er nú lagt fram að nýju.

Vísað til skipulags- og samgönguráðs.

5. **Bæjarflöt 10, breyting á deiliskipulagi** (02.575.8) Mál nr. SN200110
Skjalnr. 9908

531107-0550 Arkís arkitektar ehf., Kleppsvégi 152, 104 Reykjavík
580804-2410 Landsnet hf., Gylfahlöt 9, 112 Reykjavík

Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 6. mars 2020 var lögð fram umsókn Arkís Arkitekta ehf. dags. 12. febrúar 2020 varðandi breytingu á deiliskipulagi fyrir lóðina nr. 10 við Bæjarflöt. Í breytingunni felst að komið er fyrir nýrri innkeyrslu á lóð ásamt því að norðausturhluti lóðar er girtur af og hliði komið fyrir í nýrri innkeyrslu, samkvæmt uppdr. Arkís Arkitekta ehf. dags. 31. janúar 2020. Erindinu var vísað til meðferðar hjá verkefnisstjóra og er nú lagt fram að nýju.

Samþykkt að grenndarkynna framlagða tillögu að óverulegri breytingu á deiliskipulagi fyrir hagsmunaaðilum að Bæjarflöt 8, 15 og 17.

Vakin er athygli á að greiða þarf fyrir grenndarkynningu áður en kynning fer fram samkv. 7. 6.gr., sbr. gr. 12 í gjaldskrá skipulagsfulltrúa nr. 1231/2018.

6. **Skildingatangi 2, breyting á deiliskipulagi** (01.675.2) Mál nr. SN200037
Skjalnr. 14190

530389-1709 Gula húsið ehf, Túngötu 32, 101 Reykjavík

Að lokinni grenndarkynningu er lögð fram að nýju umsókn Gula hússins ehf. dags. 14. janúar 2020 varðandi breytingu á deiliskipulagi Skildinganes vegna lóðarinnar nr. 2 við Skildingatanga. Í breytingunni felst að byggingarreitur er stækkaður til vesturs sem nemur 5 metrum á 10 metra kafla, samkvæmt uppdr. VA arkitekta ehf. dags. 26. desember 2019. Erindi var grenndarkynnt frá 6. febrúar 2020 til og með 5. mars 2020. Engar athugasemdir bárust.

Samþykkt með vísan til heimilda um embættisafgreiðslur skipulagsfulltrúa í viðauka við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar

7. **Völvufell 7A, Breytingar á dagheimili í vistheimili** (04.683.202) Mál nr. BN057061
Skjalnr. 13855

570480-0149 Reykjavíkurborg - eignasjóður, Borgartúni 10-12, 105 Reykjavík

Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 19. desember 2019 var lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 17. desember 2019 þar sem sótt er um leyfi til að breyta notkun hússins úr dagheimili í vistheimili á lóð nr. 7a við Völvufell, samkvæmt uppdr. Arkþings - Nordic ehf. dags. 9. desember 2019 uppf. 7. janúar 2020. Erindinu var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lagt fram að nýju.

Erindi fylgir greinagerð Eflu um val og hönnun brunavarna, útgáfa 001-V03, dags. 22. nóvember 2019. Gjald kr. 11.200

Vísað inn í yfirstandi vinnu við endurskoðun á deiliskipulagi Breiðholts 3, Suður-Fellagarðar, Völvufell.

8. **Bíldshöfði 10, breyting á deiliskipulagi** (04.064.0) Mál nr. SN200123
Skjalnr. 8563

430807-0210 Dansfélagið Bíldshöfði, Fannborg 1, 200 Kópavogur

Ragnar Sverrisson, Fannborg 1, 200 Kópavogur

Lögð fram umsókn Ragnars Sverrissonar dags. 18. febrúar 2020 varðandi breytingu á deiliskipulagi Ártúnshöfða vegna lóðarinnar nr. 10 við Bíldshöfða. Í breytingunni felst að koma fyrir viðbótarbyggingarreit sem er 2,3 x 7 metrar á suðurhlið hússins við vestur enda til að koma fyrir flóttastiga, samkvæmt uppdr. Teiknistofu A.V.J. dags. 25. janúar 2020. Einnig er lögð fram umsögn skipulagsfulltrúa dags. 13.mars 2020.

Samþykkt að grenndarkynna framlagða tillögu að óverulegri breytingu á deiliskipulagi fyrir hagsmunaaðilum að Bíldshöfða 8 og 12.

Vakin er athygli á að greiða þarf fyrir grenndarkynningu áður en kynning fer fram samkv. 7. 6.gr., sbr. gr. 12 í gjaldskrá skipulagsfulltrúa nr. 1231/2018.

9. **Höfðabakki 7, (fsp)** (04.070.4) Mál nr. SN200142
Skjalnr. 6772

verslanir/matvöruverslun

440703-2590 THG Arkitektar ehf., Faxafeni 9, 108 Reykjavík

Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 6. mars 2020 var lögð fram fyrirspurn THG Arkitekta ehf. dags. 27. febrúar 2020 ásamt bréfi dags. 27. febrúar 2020 um rekstur verslana þ.m.t. matvöruverslun í húsinu á lóð nr. 7 við Höfðabakka. Fyrirspurninni var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lögð fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 13. mars 2020.

Neikvætt, með vísan til umsagnar skipulagsfulltrúa dags.13. mars 2020.

10. **Miðstræti 12, Breyta atvinnuhúsnæði í 6 íbúðir** (01.183.119) Mál nr. BN057165
Skjalnr. 14250
570817-0430 Mjallur ehf., Kriúasi 33, 220 Hafnarfjörður
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 6. mars 2020 var lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 4. mars 2020 þar sem sótt er um leyfi til að breyta atvinnuhúsnæði í 6 íbúðir í húsi á lóð nr. 12 við Miðstræti, samkvæmt uppdr. Haralds Ingvarssonar og Sindra Gunnarssonar dags. 21. janúar 2020 síðast br. 5. mars 2020. Erindinu var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lagt fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 13. mars 2020.
Erindi fylgir nýr umsóknartexti mótttekinn 2. mars 2020. Gjald kr. 11.200
Ekki gerð athugasemd við erindið, sbr. þó skilyrði og leiðbeiningar sem fram koma í umsögn skipulagsfulltrúa dags. 13. mars 2020.
11. **Rafstöðvarvegur 6, (fsp) - Aðgengismál breytt notkun, útlitsbreytingar - Rafstöðvarv. 6-12** (04.255.301) Mál nr. BN057293
Skjalnr. 14247
610417-0270 Teiknistofan Stika ehf., Hverfisgötu 18, 101 Reykjavík
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 28. febrúar 2020 var lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 25. febrúar 2020 þar sem spurt er um fyrirhugaðar framkvæmdir á lóð Orkuveitu Reykjavíkur og mögulega breytta notkun og breytingar á byggingum á lóð nr. 6-12 við Rafstöðvarveg. Erindinu var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lagt fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 13. mars 2020.
Ekki eru gerðar skipulagslegar athugasemdir við erindið með vísan til umsagnar skipulagsfulltrúa dags. 13. mars 2020.
12. **Algild hönnun í deiliskipulagi, tillaga íbúaráðs Miðborgar og Hlíða** Mál nr. SN200094
Skjalnr. 10046
530269-7609 Reykjavíkurborg, Ráðhúsinu, 101 Reykjavík
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 7. febrúar 2020 var lagt fram erindi skrifstofu borgarstjórnar dags. 4. febrúar 2020 þar sem tillaga íbúaráðs Miðborgar og Hlíða frá fundi 28. janúar 2020 um algilda hönnun í öllu deiliskipulagi borgarinnar er send umhverfis- og skipulagssviði til meðferðar. Erindinu var vísað til umsagnar hjá verkefnisstjóra og er nú lagt fram að nýju.
Erindinu er ennfremur vísað til umsagnar skrifstofu sviðsstjóra.
13. **Bárugata 14, (fsp) hækkan húss ásamt stækkun og breytingu á skúr** (01.136.2) Mál nr. SN200050
Skjalnr. 14209
Benedikt Skúlason, Bárugata 14, 101 Reykjavík
441109-0240 Stáss Design ehf., Fiskilóð 24, 101 Reykjavík
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 21. febrúar 2020 var lögð fram fyrirspurn Stáss Design ehf. dags. 21. janúar 2020 um að hækka húsið á lóð nr. 14 við Bárugötu um eina hæð og stækka skúr sem er á lóðinni og nýta sem bílskúr, samkvæmt uppdr. Stáss Design ehf. ódags. Fyrirspurninni var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lögð fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 13. mars 2020.

Ekki gerð athugasemd við erindið, sbr. þó skilyrði og leiðbeiningar sem fram koma í umsögn skipulagsfulltrúa dags. 13. mars 2020.

14. **Efstasund 80, breyting á deiliskipulagi** (01.410.0) Mál nr. SN190403
Skjalnr. 5434
Þorsteinn Aðalbjörnsson, Eskivellir 17, 221 Hafnarfjörður
Valdimar Snorrason, Efstasund 80, 104 Reykjavík
Að lokinni grenndarkynningu er lögð fram að nýju umsókn Þorsteins Aðalbjörnssonar dags 28. júní 2019 varðandi breytingu á deiliskipulagi reita 1.3 og 1.4, Sundin, vegna lóðarinnar nr. 80 við Efstasund. Í breytingunni felst að bæta við nýjum byggingarreit fyrir bílskúr á lóð, samkvæmt uppdr. Alta dags 2. desember 2019. Einnig eru lögð fram ítargögn/aðaluppdrættir Art stone slf. dags. 1. desember 2019. Tillaga var grenndarkynnt frá 11. febrúar 2020 til og með 10. mars 2020. Engar athugasemdir bárust.
Samþykkt með vísan til heimilda um embættisafgreiðslur skipulagsfulltrúa í viðauka við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar.
15. **Grandavegur 37, sótt um bílastæði** (01.521.6) Mál nr. SN190752
Skjalnr. 6819
hreyfihamlaða á lóð auk annars hefðbundins bílastæðis - samtals tvö bílastæði
Karvel Ögmundsson, Strandgata 39, 600 Akureyri
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 21. febrúar 2020 var lögð fram umsókn Karvels Ögmundssonar dags. 21. desember 2019 ásamt tölvupósti dags. 13. febrúar 2020 varðandi breytingu á deiliskipulagi Grandavegar, Lýsis og S.Í.S vegna lóðarinnar nr. 37 við Grandaveg. Í breytingunni felst að rafmagnskassi/tengikassi Veitna verði fjarlægður á kostnað borgarinnar og að koma megi fyrir tveimur bílastæðum á lóðinni þar af eitt bílastæði fyrir hreyfihamlaða, sbr. tölvupósti dags. 12. febrúar 2020. Erindinu var vísað til meðferðar hjá verkefnisstjóra og er nú lagt fram að nýju.
Vísað til skipulags- og samgönguráðs.
16. **Grensásvegur 26, (fsp) stækkun lóðar og** (01.801.2) Mál nr. SN200143
Skjalnr. 13454
stækkun húss
590907-1030 GRÍMA ARKITEKTAR ehf., Hlíðarási 4, 221 Hafnarfjörður
670314-1890 Cairo ehf., Grensásvegi 26, 108 Reykjavík
Lögð fram fyrirspurn Grímu arkitekta ehf. dags. 28. febrúar 2020 um stækkun lóðarinnar nr. 26 við Grensásveg um 11 m. til norðvesturs, u.þ.b. 250 fm., ásamt stækkun hússins sem felst í að heimilt verði veitt fyrir byggingu einnar hæðar byggingu á svæðinu sem stækkun lóðarinnar nær til, samkvæmt uppdr. Grímu arkitekta ehf. dags. 25. febrúar 2020.
Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.
17. **Hverfisgata 46, málskot** (01.172.0) Mál nr. SN200161
Skjalnr. 8146
671106-0750 Þingvangur ehf., Smiðsbúð 7, 210 Garðabær
Lagt fram málskot Þingvangs dags. 10. mars 2020 vegna neikvæðrar afgreiðslu skipulagsfulltrúa frá 31. janúar 2020 varðandi rekstur gististaðar í húsinu á lóð nr. 46 við Hverfisgötu. Einnig er lögð fram tillaga Arkþings - Nordic ehf. ódags.
Vísað til meðferðar hjá verkefnisstjóra.
18. **Hagasel 23, Fjölbýlishús með 8 íbúðum fyrir** (04.937.701) Mál nr. BN057373
Skjalnr. 7809
Félagsbústaði
510497-2799 Félagsbústaðir hf., Hallveigarstíg 1, 101 Reykjavík
Lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 3. mars 2020 þar sem sótt er um leyfi til að byggja fjölbýlishús sem fellur undir búsetuúrræði Velferðarsviðs og

Félagsbústaða, á tveimur hæðum með átta íbúðum, úr krosslímdum timbureiningum, einangrað og klætt með viðarklæðningu að utan, á lóð nr. 23 við Hagasel, samkvæmt uppdr. Ydda arkitekta dags. 3. mars 2020. Einnig er lögð fram umsögn skipulagsfulltrúa dags. 12. mars 2020.

Erindi fylgir umboð eigenda til hönnuða dags. 16. desember 2019, bréf hönnuðar dags. 20. desember 2019, ódagsett samantekt á brunavörnum hússins, Minnisblað 01 frá Víðsjá verkfræðistofu dags. 18. desember 2019, mæliblað nr. 4.937.7 dags. 11. júní 1993, hæðablað dags. október 1987, Hljóðvistargreinagerð I - Forhönnun frá Eflu dags. 18. desember 2019 og útreikningur á varmatapi dags. 17. desember 2014. Einnig Samantekt á brunavörnum frá Mannvit mótt. 15. janúar 2020, hæðablað dags. í október 1987, Greinagerð um algilda hönnun frá hönnuði dags. 15. janúar 2020, Greinagerð hönnunarstjóra dags. 15. janúar 2020, Bréf hönnuðar dags. 15. janúar 2020, Varmatapsútreikningar ódags., Hljóðvistargreinagerð I - Forhönnun frá Eflu dags. 18. desember 2019, minnisblað 01 frá Víðsjá dags. 18. desember 2019. Einnig samantekt á brunavörnum hússins frá Mannviti dags. 24. janúar 2020, greinagerð hönnuðar um algilda hönnun dags. 24. janúar 2020, bréf hönnuðar dags. 24. janúar 2020 og varmatapsútreikningur dags. 20. janúar 2020. Stærðir: 1. hæð: 301,4 ferm., 858,6 rúmm. 2. hæð: 278,8 ferm., 930,5 rúmm. Samtals A rými: 580,2 ferm., 1.849,5 rúmm. B-rými: 40,9 ferm., xxx rúmm. Gjald. kr. 11.200

Umsögn skipulagsfulltrúa dags. 12. mars 2020 samþykkt.

19. **Hrísateigur 47 og Laugarnesvegur 74A,** (01.346.0) Mál nr. SN200125
(fsp) hækkun húsa Skjalnr. 10429
701205-2860 Steinabrekka ehf., Vatnsstíg 19, 101 Reykjavík
Lögð fram fyrirspurn Steinbrekku ehf. dags. 19. febrúar 2020 um hækkun húsanna á lóðunum nr. 47 við Hrísateig og 74A við Laugarnesveg um eina hæð og eina inndregna hæð, samkvæmt tillögu dags. 17. febrúar 2020. Einnig er lagt fram skuggavarp dags. 4. febrúar 2020.
Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.
20. **Kamsvegur 4, Bílskúr, matshluti.02** (01.352.605) Mál nr. BN057254
Skjalnr. 14046
Hreinn Halldórsson, Kamsvegur 4, 104 Reykjavík
Viktoría Róbertsdóttir, Kamsvegur 4, 104 Reykjavík
Lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 3. mars 2020 þar sem sótt er um leyfi til að byggja bílskúr með steyptri gólfplötu, útveggjum úr timbri og með einhalla þaki á lóð nr. 4 við Kamsveg, samkvæmt uppdr. Arkitektastofu Þorgeirs dags. 24. febrúar 2020.
Samþykki meðeigenda húss, dags. 6 febrúar 2020, fylgir erindinu.
Stærð bílskúrs er: A rými 25,8 ferm., 262,3 rúmm. B rými 2,2 ferm., 21,9 rúmm. Gjald kr. 11.200
Leiðrétt bókun frá fundi 6. mars 2020:
Rétt bókun er: Samþykkt að grenndarkynna framlagða byggingarleyfisumsókn fyrir hagsmunaaðilum að Kamsvegi 2 og Kleppsvegur 84.
Vakin er athygli á að greiða þarf fyrir grenndarkynningu áður en kynning fer fram samkv. 8.1. gr. gjaldskrá skipulagsfulltrúa nr. 1231/2018.
21. **Lynghagi 14, Framlenging á kvisti og bæta** (01.554.305) Mál nr. BN057242
við glugga Skjalnr. 14228
Elín Þórisdóttir, Ægisíða 103, 107 Reykjavík
Simon Joscha Flender, Ægisíða 103, 107 Reykjavík

Lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 4. mars 2020 þar sem sótt er um leyfi til að stækka kvist á norðausturhlið hússins á lóð nr. 14 við Lynghaga, samkvæmt uppdr. Elínar Þórisdóttur dags. 28. febrúar 2020.

Erindi fylgir samþykki meðeigenda nr. 14 og nr. 16 ódags, eignarskiptayfirlýsing frá 23. janúar 2000 og bréf aðalhönnuðar dags. 27. febrúar 2020. Stækkun: 7,5 ferm., 6,0 rúmm. Gjald kr. 11.200

Leiðrétt bókun frá fundi 6. mars 2020.

Rétt bókun er: Samþykkt að grenndarkynna framlagða byggingarleyfisumsókn fyrir hagsmunaaðilum að Lynghaga 12.

Byggingarleyfisumsókn verður grenndarkynnt þegar umsækjandi hefur greitt fyrir grenndarkynningu sbr. 8.1. gr. og 12. gr., sjá gjaldskrá vegna kostnaðar við skipulagsvinnu og útgáfu framkvæmdaleyfis í Reykjavíkurborg nr. 1231/2018.

22. **Bryggjuhverfi vestur, svæði 4, breyting á** (04.0) Mál nr. SN200081
deiliskipulagi vegna lóða A og B Skjalnr. 7634

531107-0550 Arkís arkitektar ehf., Kleppsvogi 152, 104 Reykjavík
490916-0670 Bjarg íbúðafélag hses., Kletthálsi 1, 110 Reykjavík

Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 21. febrúar 2020 var lögð fram umsókn Arkís arkitekta ehf. dags. 30. janúar 2020 varðandi breytingu á deiliskipulagi Bryggjuhverfis vestur, svæði 4. Í breytingunni felst að heimila fyrstu hæð í íbúðarhúsum á lóðum A og B að fylgja götuhæð, eða þannig að ekki þurfi að lyfta þeim 0,5-1,2 m þar sem ekki er reiknað með kjallara undir húsum. Byggingarreitir á lóð A lengjast og fara úr 31 metra í 32 metra, svæði fyrir djúpgáma færast til á lóðum A og B og hæð og þakformi norðvestasta hússins breytist óverulega, samkvæmt uppdr. Arkís arkitekta ehf. dags. 30. janúar 2020. Erindinu var vísað til meðferðar hjá verkefnisstjóra og er nú lagt fram að nýju.

Samþykkt að grenndarkynna framlagða tillögu að óverulegri breytingu á deiliskipulagi fyrir hagsmunaaðilum að Tangabryggja 10, 12 og 12A.

Vakin er athygli á að greiða þarf fyrir grenndarkynningu áður en kynning fer fram samkv. 7. 6.gr. gjaldskrá skipulagsfulltrúa nr. 1231/2018.

23. **Efstasund 42, (fsp) smáhýsi á lóð** Mál nr. SN200160
Skjalnr. 12455

Snæbjörn Sigurgeirsson, Aðalgata 3A, 540 Blönduós

Lögð fram fyrirspurn Snæbjörns Sigurgeirsson dags. 10. mars 2020 um að setja smáhýsi á lóð nr. 42 við Efstasund.

Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.

24. **Glæsibær 13, (fsp) stækkun húss** (04.352.3) Mál nr. SN200156
Skjalnr. 14252

Guðrún Stefánsdóttir, Barmahlíð 17, 105 Reykjavík

Lögð fram fyrirspurn Guðrúnar Stefánsdóttur dags. 6. mars 2020 varðandi stækkun hússins á lóð nr. 13 við Glæsibæ, samkvæmt uppdr. teiknistofunnar Striksins dags. 5. mars 2020.

Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.

25. **Grjótháls 1-3, breyting á deiliskipulagi** (04.302.4) Mál nr. SN190598
Skjalnr. 6374

590902-3730 Eik fasteignafélag hf., Sóltúni 26, 105 Reykjavík
710178-0119 T.ark Arkitektar ehf., Hátúni 2B, 105 Reykjavík

Að lokinni grenndarkynningu er lögð fram að nýju umsókn T.ark Arkitekta ehf. dags. 2. október 2019 varðandi breytingu á deiliskipulagi Hálsahverfis vegna lóðarinnar nr. 1-3 við Grjótháls. Í breytingunni felst í megin atriðum stækkun á byggingarreit ofanjarðar um fjóra metra til suðurs, hækkun hæðar húss innan hans um 1,5 metra og hækkun á nýtingarhlutfalli lóðar úr 0.7 í 0.95, samkvæmt deiliskipulagsupph. dags. 2. október 2019, br. 20. janúar 2020. Einnig er lagt fram bréf T.ark Arkitekta ehf. dags. 20. janúar 2020. Tillagan var grenndarkynnt frá 3. febrúar 2020 til og með 2. mars 2020. Eftirtaldir sendu athugasemdir: Steinþór Skúlason f.h. SS dags. 21. febrúar 2020. Erindinu var vísað til umsagnar verkefnisstjóra á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 6. mars 2020 og er nú lagt fram að nýju.

Vísað til skipulags- og samgönguráðs.

26. **Gelgjutangi, framkvæmdaleyfi** (01.428) Mál nr. SN200128
Skjalnr. 5626

530269-7609 Reykjavíkurborg, Ráðhúsinu, 101 Reykjavík

Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 28. febrúar 2020 var lögð fram umsókn skrifstofu framkvæmda og viðhalds dags. 20. febrúar 2020 um framkvæmdaleyfi að Gelgjutanga sem felst í dýpkun innsiglingarrennu að smábátahöfn Snarfara. Einnig er lagt fram minnisblað skrifstofu umhverfisgæða dags. 26. maí 2016, minnisblað Hnit verkfræðistofu dags. 26. febrúar 2020, vinnuteikningar Hnit verkfræðistofu dags. 25. og 27. febrúar 2020, umsögn deildarstjóra náttúru og garða dags. 9. mars 2020, ákvörðun um framkvæmd í flokki c. og umsögn Hafrannsóknastofnunar dags. 11. mars 2020. Erindinu var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lagt fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 13. mars 2020.

Samþykkt að gefa út framkvæmdaleyfi með vísan til umsagnar skipulagsfulltrúa dags. 13. mars 2020. Vísað til skrifstofu sviðsstjóra til útgáfu framkvæmdaleyfis. Vakin er athygli á að greiða þarf fyrir útgáfu framkvæmdaleyfis skv. gr. 5.2 í gjaldskrá skipulagsfulltrúa nr. 1231/2018.

27. **Kjalarnes, Saltvík, breyting á deiliskipulagi** Mál nr. SN190537
Skjalnr. 10151

570169-3009 Skurn ehf., Vallá, 162

500215-1000 TAG teiknistofa ehf., Flétturima 5, 112 Reykjavík

Að lokinni auglýsingu er lögð fram að nýju umsókn Atla Jóhanns Guðbjörnssonar dags. 10. september 2019 ásamt bréfi dags. 10. september 2019 varðandi breytingu á deiliskipulagi Saltvíkur á Kjalarnesi. Í breytingunni felst að bæta við nýjum byggingarreit (reitur F) á landið fyrir starfsmannahús og auka nýtingarhlutfall, samkvæmt upph. TAG teiknistofu ehf. dags. 10. september 2019 br. 12. mars 2020. Tillagan var auglýst frá 20. janúar 2020 til og með 2. mars 2020. Eftirtaldir sendu athugasemdir/umsögn: Veitur dags. 2. mars 2020. Erindinu var vísað til umsagnar verkefnisstjóra á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 6. mars 2020 og er nú lagt fram að nýju.

Samþykkt með vísan til a. liðar 2. gr. í viðauka 2.3 um embættisafgreiðslur skipulagsfulltrúa nr. 1020/2019.

28. **Kjalarnes, Varmadalur 4, (fsp) einbýlishús** Mál nr. SN200139
Skjalnr. 10167

Egill Sveinbjörn Egilsson, Varmadalur 1, 162

Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 6. mars 2020 var lögð fram fyrirspurn Egils Sveinbjörns Egilssonar dags. 2. janúar 2020 um byggingu 100-140 fm. einbýlishúss á einni hæð að Varmadal 4 á Kjalarnesi. Fyrirspurninni var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lögð fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 13. mars 2020.

Neikvætt, með vísan til umsagnar skipulagsfulltrúa dags. 13. mars 2020.

29. **Koparsléttu 6-8, breyting á deiliskipulagi** (04.533.8) Mál nr. SN190708
Skjalnr.

681272-0979 VSÓ Ráðgjöf ehf., Borgartúni 20, 105 Reykjavík
700402-7890 Malbikstöðin ehf., Flugumýri 26, 270 Mosfellsbær

Að lokinni auglýsingu er lögð fram að nýju umsókn VSÓ ráðgjafar ehf. dags. 27. nóvember 2019 varðandi breytingu á deiliskipulagi Esjumela á Kjalarnesi vegna lóðarinnar nr. 6-8 við Koparsléttu. Í breytingunni felst að heimilt er að starfrækja malbikunarstöð á lóðinni, samkvæmt uppdr. VSÓ ráðgjafar ehf. dags. 29. nóvember 2019. Tillagan var auglýst frá 20. janúar 2020 til og með 2. mars 2020. Eftirtaldir sendu athugasemdir: PL ehf., Þorbjörn Gíslason dags. 7. janúar 2020, Jón Ágúst Stefánsson, Baldur Agnar Hlöðversson, Ásgeir Sigurðsson, Óskar Gunnlaugsson f.h. húsfélagsins Koparsléttu 10 dags. 15. febrúar 2020 og Óskar Gunnlaugsson dags. 1. mars 2020. Einnig er lagður fram tölvupóstur Umhverfisstofnunar dags. 17. febrúar 2020. Erindinu var vísað til umsagnar verkefnisstjóra á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 6. mars 2020 og er nú lagt fram að nýju.

Vísað til skipulags- og samgönguráðs.

30. **Laugarnestangi, bókun íbúaráðs Laugardals** (01.32) Mál nr. SN200165
Skjalnr. 10484
530269-7609 Reykjavíkurborg, Ráðhúsinu, 101 Reykjavík
Lagt fram bréf íbúaráðs Laugardals dags. 11. mars 2020 vegna eftirfarandi bókunar frá fundi ráðsins 9. mars 2020 vegna umræðu um skipulagsmál á Laugarnestanga: Íbúaráð hefur fregnað af áhyggjum íbúa varðandi hugmyndir um uppbyggingu á Laugarnestanga. Svæðið er mikilvægt menningar- og útivistarsvæði og jafnframt felast í því verðmæti vegna sjónlínu sem nú þegar hefur verið skert með landfyllingu. Faxaflóahafnir og Veitur hafa lýst yfir áhuga á uppbyggingu á tanganum. Íbúaráð styður óskir íbúa um að vera hafðir með í ráðum áður en hugmyndir þessu að lútandi verða bundnar fastmælum, svo sem í deiliskipulagi. Íbúaráð skorar á borgaryfirvöld að fara ekki í neinar skuldbindingar vegna svæðisins nema að fengnu samráði við íbúa á öllum stigum málsins.
Lagt fram.
31. **Vagnhöfði 7, Lækka lóð** (04.062.304) Mál nr. BN057315
Skjalnr. 7588
450207-1010 Viðskiptavit ehf., Hófgerði 2, 200 Kópavogur
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 6. mars 2020 var lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 4. mars 2020 þar sem sótt er um leyfi til þess að lækka yfirborð lóðar og koma fyrir stoðveggjum og fallvörnum á lóðarmörkum, skipta kjallara upp í 6 rýmiseiningar og bæta við sex nýjum iðnaðarhurðum með innbyggðum inngangshurðum á norðurhlið iðnaðarhúss, mhl.02, á lóð nr. 7 við Vagnhöfða, samkvæmt uppdr. Arkís arkitekta ehf. dags. 17. febrúar 2020. Erindinu var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lagt fram að nýju.
Erindi fylgir yfirlýsing burðarþolshönnuðar dags. 13. febrúar 2020, bréf hönnuðar dags. 17. febrúar 2020, samþykki lóðarhafa undirritað 20. febrúar 2020, hluti úr mæliblaði 4.062.3 dags. 15. júlí 2019, samkomulag milli lóðarhafa og Veitna dags. 5. júní 2019 og niðurstöður brunavarna dags. 13. febrúar 2020. Gjald kr. 11.200
EKKI eru gerðar skipulagslegar athugasemdir við erindið.
32. **Álfsnes, ósk um umsögn vegna endurnýjunar starfsleyfis** (36.2) Mál nr. SN200164
Skjalnr. 10252
530269-7609 Reykjavíkurborg, Ráðhúsinu, 101 Reykjavík
Lagt fram erindi Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur dags. 11. mars 2020 þar sem óskað er eftir umsögn skipulagsfulltrúa vegna endurnýjunar á starfsleyfi fyrir skotvöll félagsins í Álfsnesi. Óskað er eftir umsögn um það hvort starfsemin samræmist skipulagi og hvort fyrirhugaðrar séu breytingar á skipulagi sem gætu komið í veg fyrir framlengingu starfsleyfis að hámarki eitt ár.
Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.
33. **Stórholt 17, (fsp) bygging bílskúrs/einingahúss og nýta undir atvinnurekstur** (01.246.0) Mál nr. SN200146
Skjalnr. 11421
Guðmundur Kári Kárason, Fálkagata 19, 107 Reykjavík

Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 6. mars 2020 var lögð fram fyrirspurn Guðmundar Kára Kárasonar dags. 2. mars 2020 um byggingu bílskúrs/einingahúss á lóð nr. 17 við Stórholt og nýta undir atvinnurekstur/húðflúrstofu. Einnig er lagður fram eignaskiptasamningur dags. 5. maí 2011. Fyrirspurninni var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lögð fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 13. mars 2020.

Ekki gerð athugasemd við erindið, sbr. þó skilyrði og leiðbeiningar sem fram koma í umsögn skipulagsfulltrúa dags. 13. mars 2020.

34. **Fyrirspurn fulltrúa Sjálfstæðisflokksins,**
varðandi helgunarsvæði Stakkstæðis

Mál nr. US190114
Skjalnr.

Lögð fram fyrirspurn fulltrúa Sjálfstæðisflokks þar sem óskað er eftir því að fá gögn frá Borgarsögusafni þar sem heimilt er að staðsetja byggingar innan 15 metra helgunarsvæðis Stakkstæðis. Stakkstæðið hefur verið afmarkað af Borgarsögusafni og 15 metra helgunarreitur umhverfis það eins og lög um menningarminjar nr. 80/2012 gera ráð fyrir.

Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 14:07.

Björn Axelsson,

Ágústa Sveinbjörnsdóttir

Helena Stefánsdóttir